

1

Hættumat í skipum og bátum

Upplýsingar og tilmæli

Skilgreining:

Hættumat felst í að meta þá hættu sem steðjar að öryggi fólks um borð. Það er kerfisbundin skoðun á öllum þáttum vinnu. Þar má nefna:

- Hvað kann að valda meiðslum eða skaða?
- Hvaða hættu er hægt að koma í veg fyrir? - og ef ekki;
- Hvaða fyrirbyggjandi ráðstafanir þurfa að vera til staðar til að stjórna hættunni?

Til að tryggja sem best öryggi starfsfólks er skylt að vinnuveitandi geri sérstakt hættumat svo hægt sé að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir. Þetta á ekki síður við um aðstæður um borð í bátum og skipum.



Hvernig geri ég hættumat?

Mörg skip og bátar í dag hafa um borð öryggisstjórnunarkerfi sem eru í raun og sanni ígildi hættumats. Þau skip teljast við skoðun fullnægja skilyrðum reglugerðar.

Bátar undir 15 metrum geta notað smáforritið „Agga” en með því getur sjómaður gert einfalt áhættumat um borð í sínum bát eða skipi. Skilyrði er að hann sé með forritið uppsett í síma eða tölvu um borð. Agga er án kostnaðar og er aðgengilegt á slóðinni; <https://www.agga.is>

Stærri skip sem hafa ekki öryggisstjórnunarkerfi og-/eða skilgreint hættumatskerfi um borð geta notað eyðublað sem skoðunarmenn geta afhent og er einnig aðgengilegt á slóðinni island.is/haettumat.

Þannig eyðublað útfyllt telst gilt sem hættumat við skoðun.

Hættumat í skipum og bátum

2

Upplýsingar og tilmæli

Hvað gerist við skoðun?

Frá og með 1. janúar 2026 munu skipsskoðunarmenn gera athugasemd hafi ekki verið gert hættumat um borð í skipum við reglubundna skoðun.

Vinnuveitandi skal:

- hafa undir höndum hættumat varðandi öryggi og hollustu á vinnustað, að meðtalinni þeirri áhættu sem sérstökum hópum starfsmanna er búin.

Árin 2026 og 2027 er gerð dæming 1 við skoðun vanti hættumat. Samkvæmt reglugerð 466/2023 þýðir það:

Lagfæring innan mánaðar án þess að gerð sé krafa um endurskoðun.

Frá og með árinu 2028 er gerð dæming 2 sem þýðir:

„2” sem hæsta tala dæmingar felur í sér kröfu um að skoðunaratriðið verði lagfært innan tilskilins frests og skipið eða búnaður þess skoðað endurskoðun. Niðurstaða skoðunarinnar er „endurskoðun”. Til endurskoðunar má veita allt að 3ja mánaða frest.

Mikilvægt er að þessu sé vandlega fylgt eftir svo fyllsta öryggis sé gætt um borð í bátum og skipum.

